

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/911****2020/EES/26/23****frá 9. júní 2016**

um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar form og efni lýsinga á samningum um fjárstuðning innan samstæðu í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja og um breytingu á tilskipun ráðsins 82/891/EBE og tilskipunum 2001/24/EB, 2002/47/EB, 2004/25/EB, 2005/56/EB, 2007/36/EB, 2011/35/ESB, 2012/30/ESB og 2013/36/ESB og reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 og (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 26. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. bálki III. kafla tilskipunar 2014/59/ESB eru settar reglur um samninga um fjárstuðning innan samstæðu til að veita móðurstofnun í ESB fjárstuðning eða einingu sem vísað er til í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og dótturfélögum hennar í öðru aðildarríki eða þriðju löndum sem eru stofnanir eða fjármálastofnanir sem falla undir samstæðueftirlit móðurstofnunarinnar, að því tilskildu að einingin sem fær stuðninginn uppfylli skilyrðin fyrir snemmbæru inngrípi. Þetta gerir tilfærslu fjármögnunar, í aðstæðum þar sem eining innan samstæðu á í alvarlegum vanda, mögulega. Til að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun þurfa lánardrottnar og fjárfestar gagnsæi að því er varðar áhættur og mögulegar skyldur sem kunna að rísa af þessum samningum og möguleikum á endurreisn samstæðunnar vegna stuðningssamningsins. Því ætti samningurinn að vera á formi sem er auðveldlega aðgengilegt almenningi, sambærilegt reikningsskilum.
- 2) Almennir skilmálar samnings um fjárstuðning innan samstæðu sem skulu birtir ættu að hafa að geyma viðkomandi upplýsingar svo sem hámarksfjárhæð stuðnings, meginreglur um útreikning á endurgjaldi fyrir veitingu stuðningsins, almenna lýsingu á binditímastigi og hámarks tímallengd lánsins sem veitt er sem stuðningur. Hins vegar ætti við birtingu að taka tillit til þarfarinnar á þagnarskyldu varðandi sértækari upplýsingar.
- 3) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 4) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahóps um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.***Form birtingar**

Sérhver stofnun sem er aðili að samningi um fjárstuðning innan samstæðu sem gengið er til í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2014/59/ESB skal birta upplýsingar í samræmi við 2. gr. þessarar reglugerðar á vefsetri sínu á formi sem tryggir aðgengi almennings að þeim.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 153, 10.6.2016, bls. 25. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

Að því marki sem stofnunin birtir reikninga samstæðunnar skal birtingin vera á sama formi og komið hefur verið á fyrir ótölulegar upplýsingar sem teknar eru með í reikningsskilunum.

2. gr.

Skilmálar sem á að birta

1. Stofnanir skulu birta a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

- a) nafn eininga samstæðunnar sem eiga aðild að samningnum um fjárstuðning innan samstæðu,
- b) í hvaða formi stuðningurinn getur átt sér stað,
- c) þegar um er að ræða lán, í hvaða tilgangi nota megi fjármagnið sem veitt er með láninu,
- d) þegar um er að ræða ábyrgð, hvaða viðskipti og hvaða þriðju aðilar falla mögulega undir hana,
- e) að hve miklu leyti skyldur til að veita fjárhagsstuðning innan samstæðu og réttindi hvers aðila að samningnum um fjárstuðning innan samstæðu til að þiggja fjárstuðning innan samstæðu eru gagnkvæm, ef samningurinn er ekki að fullu gagnkvæmur skal í upplýsingunum gera greinarmun á mismunandi aðilum á grundvelli mismunandi samningskilmála,
- f) takmörk á fjárstuðningi innan samstæðu fyrir hverja tegund stuðnings sem fellur undir samninginn um fjárstuðning innan samstæðu,
- g) meginreglurnar um útreikning á endurgjaldi fyrir veitingu fjárstuðnings innan samstæðu og hvernig þær tengjast markaðsaðstæðum þegar stuðningurinn er veittur,
- h) almenn lýsing á forgangsröð, binditíma og hámarks tímalengd láns sem veitt er sem stuðningur,
- i) almenn lýsing á öllum frekari endurgreiðsluskyldum,
- j) almenn lýsing á aðstæðum eða mælikvörðum sem varða eininguna sem þiggur stuðninginn og eininguna sem veitir hann, sem valda því að stuðningurinn er veittur,
- k) almenn lýsing á veð- og tryggingarþekjukröfum.

Birting skal taka til upplýsinga sem eiga við um hlutaðeigandi einingu innan samstæðunnar, þ.m.t. upplýsingar um skilmála samningsins varðandi aðrar einingar innan samstæðunnar þar sem þessi birting getur haft áhrif á hlutaðeigandi einingu innan samstæðu.

Upplýsingar sem ekki eiga við skulu tilgreindar sem „eiga ekki við“.

2. Birtingunni skal fylgja yfirlýsing um að veiting fjárstuðningsins sé með fyrirvara um skilyrðin sem kveðið er á um í 23. gr. tilskipunar 2014/59/ESB og rétt lögbærs yfirvalds til að banna eða takmarka veitinguna skv. 25. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
